




Rýmingaráætlun Hvaleyrarskóla


EF VIÐVÖRUNARKERFIÐ FER Í GANG SKAL UNNIÐ EFTIR EFTIRFARANDI RÝMINGARÁÆTLUN:

1. Skólastjórnendur og húsvörður fara að stjórnstöflu brunaviðvörunarkerfis, stöðva vælu og kanna hvaðan brunaboðið kemur.
2. Ef um hættuástand er að ræða eru viðvörunarvælar aftur gangsettar, samband haft við neyðarlínu í síma 112 og tilkynnt um hættu. Ef um falsboð er að ræða er það tilkynnt til Securitas í síma 533 5533.
3. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem er að finna í öllum kennslustofum. Teikningar af útgönguleiðum eru á göngum skólans og í hverri kennslustofu. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofur fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast og að koma nemendum á rétt söfnunarsvæði og þarf hann að muna eftir nafnalista. Skóhlífar og bekkjarlistar eru í neðstu skúffu í kennaraborði. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem er næstur.
4. Þegar komið er út á söfnunarsvæðin er mjög mikilvægt að nemendur standi í stafrófsröð hjá sínum kennara sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Kennarinn kemur síðan upplýsingum um stöðuna til umsjónarmanns söfnunarsvæðis.
5. Umsjónarmenn söfnunarsvæða koma upplýsingum um stöðuna til skólastjórnenda eða húsvarðar.
6. Þegar björgunaraðilar koma á staðinn gefa skólastjórnandi/húsvörður varðstjóra upplýsingar um stöðuna.

MYND AF RÝMINGARÁÆTLUN HVALEYRARSKÓLA:



SÖFNUNARSVÆÐI:



SKRÁNINGARBLAÐ FYRIR KENNARA:

Bekkur/hópur	Fjöldi	Fjöldi á söfnunarsvæði	Saknað	Kennari	Umsjónarmaður